

MENNING
LISTIR

PRENTSMÍÐJA MORGUNBLAÐSINS

LAUGARDAGUR 22. MAÍ 1993

BLAÐ **B**MYNDIR
frá jöðrum mannlífsins

Ljósmyndarinn Mary Ellen Mark sýnir á Kjarvalsstöðum



Götubarn, Trabzon, Tyrklandi, 1965.

Mary Ellen Mark/Library

EFTIR EINAR FALINGÓLFSSON

„Þessi sýning gefur yfirlit yfir það besta sem Mary Ellen Mark hefur gert síðustu tuttugu og fimm árin, og staðfestir að hún er líklega hæfileikaríkasti heimildaljósmýndarinn starfandi í dag. Fyrir utan Sebastiao Salgado þá fæst enginn við jafn ögrandi og erfið viðfangsefni, en Mark einbeitt sér að því að skrásetja líf þeirra sem hún kallar „hina ófrægu; utan-garðsmenn samfélagsins – heimilisleysingja, fíkniefnaneytenda og sjúklinga.“ Þessi dómur birtist í Los Angeles Times fyrir tveimur árum tæpum, þegar sýningin „Mary Ellen Mark: 25 ár“ var opnuð í Bandaríkjunum. Hún hefur síðan verið á för um heiminn og vakið gríðarmikla athygli, og bók með myndunum hefur náð metsölu. Sýning Mary Ellen Mark opnar á Kjarvalsstöðum í dag og gefst Íslendingum þar sjaldgæft tækifæri til að sjá verk eins af leiðandi ljósmyndurum heimsins í dag.

Óhætt er að segja að þessi sýning á myndum hinnar bandarísku Mary Ellen Mark sé merkasta ljósmynda-sýning sem sett hefur verið upp hér á landi, allar götur frá því að myndir tíu franskra ljósmyndara, og þeirra á meðal Henri Cartier-Bressons, voru settar upp í Listasafninu fyrir rúmum áratug. Og næsta stórsýning þar á undan var Fjölskylda Mannsins, sem kom hingað í lok sjötta áratugarins. „Þetta er í senn ögrandi og hrifandi sýning“, skrifaði listrýnir The New York Times. „Í myndum sínum nýtir Mary Ellen Mark sér stílræn einkenni heimildarljósmýnda, þar sem tengslin við félagsfræðilega þætti eru sterk, og ákveðin og sérstök sýn hennar snertir spurningar um eðli og tilgang tilvistarinnar.“

Á sýningu Mary Ellen gefur að líta 125 svart-hvítar ljósmyndir, sem spanna feril hennar, eða 25 ár. Elstu myndirnar eru frá 1965, þegar hún ferðaðist um Tyrkland í eitt ár eftir að hún lauk námi. Mary Ellen hefur alltaf ferðast mikið og eftir Tyrklandsdvölinna myndaði hún víða í Evrópu, Suður-Ameríku og loks fór hún til Indlands, lands sem hún tók þegar ástfóstri við og hefur hún síðan eytt þar ófáum mánuðunum. Yngstu myndirnar á sýningunni eru einmitt frá Indlandi, röð mynda úr ferðasirkusum; portrett af trúðum, dvergum, fimleikafólki, dýrum og dýratemjum. Þetta eru oft grátbroslegar ljósmyndir, en samt fullar af hlýju, formfagrar og sérstakar, og dæmigerðar fyrir þann persónulega stíl sem Mary Ellen Mark hefur verið að þroska með sér í rúman aldarfjórðung.

Í vetur var ég það lánsamur að geta starfað með Mary Ellen Mark í New York. Það er einstakt að fylgjast með Mary Ellen mynda, að sjá þá orku sem geislar af henni, einbeitinguna sem er alltaf eins og hún sé að taka sína bestu mynd, og síðan umhyggjuna fyrir þeim sem hún myndar. Í eitt sinn var hún að gera röð mynda af eyðnisjúklingum í úthverfum borgarinnar, þar sem aðstæðurnar voru ídulega æði núturlegar. En af sannri einlægni og umhyggjusemi snéri hún sér alltaf beint að efninu, talaði um sjúkdóminn og erfiðar aðstæðurnar, og hún hefur þann